# Námsgrein: Sjónlistir 7. bekkur

*Kennari:* Helga Dagný Einarsdóttir

*Tímafjöldi á viku:* 3 kennslustundir, 7 vikur í senn

*Kennsluaðferðir og skipulag:* Útlistunarkennsla: Sýnikennsla og stuttir fyrirlestrar. Verklegar æfingar

*Námsmat:* Símat og leiðsagnarmat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferli

## *Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Læsi | Nemendur efla sjónrænt læsi með því að skoða greina og túlka myndir, tákn og liti. |
| Sjálfbærni | Nemendur vinna með efni og hugmyndir sem stuðla að ábyrgri umgengni við náttúru og samfélag.<br>Meðvitund um skynsamlega notkun efnaviðar og góða umgengni áhalda. |
| Heilbrigði og velferð | Nemendur fá tækifæri til að efla andlega vellíðan og sjálfsþekkingu í gegnum skapandi tjáningu í umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, rétta líkamsbeitingu og hreinlæti. |
| Lýðræði og mannréttindi | Virðing fyrir fjölbreytileika, ólíkum tjáningarformum og skoðunum er höfð að leiðarljósi. |
| Jafnrétti | Kennslan tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda og stuðlar að inngildandi námsumhverfi. |
| Sköpun | Nemendur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, prófa mismunandi aðferðir og efni og skapa á persónulegan hátt. Sköpun, frumleiki og sjálfstæð vinnubrögð eru í forgrunni í allri kennslu þar sem mistök eru tækifæri til að lærdóms. |

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Markmið |
|---|---|---|---|
| Verkefna mappa- Úrklippumyndir | Blýantur, poscapennar, ýmiskonar tímarit, skæri, lím | • notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun, | • Að velja myndefni eftir eigin smekk og stíl til skreytingar |
| Fjarvídd: 2 punkta fjarvídd | Blýantur, reglustikur, pappír, litir | • notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,<br>• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,<br>• beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. | • Að tileinka sér og beita grunnreglum fjarvíddarteikningar rétt<br>• Að teikna mynd eftir eigin hugmynd með tilekinni aðferð<br>• Að þekkja hugtökin hvarfpunktur og sjóndeildarhringur og geta notað þau |
| Dúkrista og Grafíkprent | Linocut dúkur, dúkristu áhöld, valsar, glerplötur, grafík blek, ýmiskonar pappír, blýantar | • notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,<br>• beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.<br>• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. | • Að þekkja hugtökin dúkrista og grafíkprent<br>• Að vinna mynd frá einfaldri teikningu að fullkláruðu verki í grafík<br>• Að skera út mynd í dúk fyrir grafíkprent<br>• Að beita áhöldum rétt og gæta að öryggi sínu |
| Listasaga: Salvador Dalí, René Magritte og Súrrealismi | Kynning um listamenn og stefnu, blýantar | • þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.<br>• byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu, | • Að kynnast listamanninum Salvador Dalí og listaverkum hans<br>• Að kynnast listamanninum René Magritte og listaverkum hans<br>• Að kynnast listastefnunni Súrrealismi og fyrir hvað hún stendur<br>• Að teikna einfalda mynd í anda stefnunnar |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Leir- Bolli eða blómapottur | Steinleir, glerungur, blýantar og ýmis áhöld | • notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,<br>• byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu,<br>• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.<br>• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun, | • Að hanna ílát (bolla eða blómapott) með skissu vinnu út frá eigin hugmynd<br>• Að móta ílát í leir með plötuaðferð, fingraaðferð eða slönguaðferð<br>• Að vinna eftir eigin hönnun |
| Listasaga: Andy Warhol, Erró og Popplist | Kynning um listamenn og stefnu, Efni af netinu s.s. auglýsingar og annað myndefni, pappa spjöld, þekjumálning, myndvarpi, útprentaðar myndir, tússpennar, poscapennar, annað efni sé óskað eftir því. | • þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.<br>• gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar,<br>• greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,<br>• byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu,<br>• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.<br>• fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur, | • Að þekkja listamanninn Andy Warhol og valin verk eftir hann<br>• Að þekkja listamanninn Erró og valin verk eftir hann<br>• Að þekkja listastefnuna Popplist (e. Pop art) og fyrir hvað hún stendur<br>• Að skoða ólíka tegundir sjónrænna miðla og greina myndmál þeirra og tilgang<br>• Að vinna verk í anda stefnunnar frá skissu að fullkláruðu verki<br>• Að segja frá eigin verki og ferlinu sem fólst í vinnu þess. |